

Minjaráð Norðurlands vestra

Fundur 13. júní 2018, kl. 12:30 í Eyvindarstofu á Blönduósi

Mæting: Guðmundur Stefán Sigurðsson minjavörður, Guðný Hrund Karlsdóttir, Sigríður Sigurðardóttir, Laufey Haraldsdóttir, Gunnsteinn Björnsson og Ingibergur Guðmundsson. Guðmundur Lúther Hafsteinsson boðaði forföll.

Setning: Guðmundur Stefán setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Hann tilnefndi Ingiberg sem fundarritara og var það samþykkt.

1. Uppbygging innviða

Guðmundur Stefán kynnti þau verkefni sem fengu styrki frá Landsáætlun um uppbyggingu innviða 2018-2020, úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða. Hann sýndi einnig deiliskipulag fyrir Þrístapa og Borgarvirki.

2. Landvörður á Norðurlandi vestra – verkefni og hlutverk

Guðmundur gerði grein fyrir tilraunaverkefni í samstarfi Umhverfisstofnunar og Minjastofnunar um að ráða landvörð (starfsmenn Umhverfisstofnunar) í 6 vikur til að hafa eftirlit með friðlýstum svæðum, s.s. Spákonufellshöfða, Kattarauga og Hrótey.

Listi hefur verið tekinn saman um menningarminjar á Nl.v. sem eru í hættu, friðlýstir eða fjölsóttir, sem landverðirnir eiga að hafa eftirlit með í sumar.

3. Friðlýstar minjar á Nl.v. – staða endurskoðunar

Öll mannvirki 100 ára eða eldri eru sjálfkrafa friðuð samkvæmt lögum um menningarminjar. Að auki er umsagnarskylda vegna breytinga á húsum og mannvirkjum frá 1925 eða eldra og kirkjum frá 1940 eða fyrr. Þess utan eru ákveðin hús, mannvirki eða minjar friðlýst sérstaklega og gilda um það strangari reglur og kvaðir, en að auki fylgir slíkri friðlýsingu auknir möguleikar á styrkveitingum og stuðningi frá ríkinu, en samkvæmt lögum um menningarminjar ber að viðhalda friðlýstum minjum á kostnað ríkisins. Listi yfir friðlýst hús og minjar hefur verið í endurskoðun undanfarin ár og er áætlað að þeirri vinnu ljúki á árinu 2018. Í þessari vinnu eru allar friðlýstar minjar heimsóttar og farið yfir ástand þeirra og minjagildi. Í einhverjum tilfellum kann að verða lagt til að friðlýsing verði felld úr gildi, s.s. ef viðkomandi minjar finnast ekki eða að forsendur friðlýsingar þyki ófullnægjandi en að sama skapi kann að verða lagt til að aðrir staðir verði friðlýstir og er slíkt alla jafna gert í samráði við landeigendur og sveitarfélög.

- 66 friðlýsingarnúmer eru á Nl.v. – búið er að heimsækja, skrá og mæla upp aftur 60 staði árið 2017 – þrennt ófundið – þrennt á dagskrá 2018
- 27 kirkjur og 7 hús og húshlutar friðlýst á Nl.v.

4. Verndarsvæði í byggð

Unnið er að verndarsvæðum í byggð á eftirtöldum stöðum:

Borðeyri – Blönduós – Sauðárkrókur – Hofsó

- Borðeyri komið til ráðherra
- Kynningarfundur á Hofsósi – jákvæður og góður fundur
- Sauðárkrókur – vinnufundur með heimamönnum – jákvæðni – rætt um útvíkkun – Suðurgötu – búið að vinna varðveislumat fyrir einstök hús og minjaheildir – húsakönnun lokið – nokkurn veginn
- áhugi á gamla bænum á Hvammstanga – styrkir til húsakannana veittir úr Húsafriðunarsjóði
- eðlilegra að gera húsakönnun fyrst og móta síðan verndarsvæðið –
- verndarsvæði kemur ekki veg fyrir framkvæmdir og breytingar á húsum en slíkum framkvæmdum eru eftir atvikum settar meiri skorður – aukið tillit til götumynda og svipbragðs byggðar ofl. – spurning um þröngt eða vítt orðalag á reglugerðum um verndarsvæði á viðkomandi stað

-

5. Önnur mál

Skipunartími núverandi Minjaráðs norðurlands vestra rennur út í árslok 2018. Spurning hvort ráðsliðar vilja sitja áfram.

Skráning torfhúsa. Hugmyndafundur í Minjastofnun til að koma þessu í framkvæmd. Tengja saman við örnefnaskráningu Árnastofnunar í tengslum við Landmælingar.

Guðmundur Stefán greindi einnig frá því að hann væri tímabundið settur minjavörður fyrir Strandasýslu og Ísafjarðarsýslur.

6. Verndarsvæði á Blönduósi – gamli bærinn

Farið var í fundarsal sveitarfélagsins að Hnjúkabyggð 33. Þar tóku á móti okkur Þorgils Magnússon skipulags- og byggingafulltrúi, Ágúst Þór Bragason starfsmaður sveitarfélagsins og Valgarður Hilmarsson sveitarstjóri.

Valgarður fór aðeins yfir söguna og ýmsa þætti sem tengdust vinnuferlinu. Töluverðar athugasemdir bárust í auglýsingaferlinu, m.a. mikið af stöðluðum athugasemdum. Öllum athugasemdum var svarað og beðið viðbragða en ákveðið á síðasta sveitarstjórnarfundi að senda þetta til ráðherra. Eigendur geta gert ýmislegt á sínum forsendum en samráðsferli þarf að vera. Mikið af húsunum komin undir 100 ára regluna. Töluverðar umræður voru svo áfram um reynsluna af ferlinu.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 16:30

Ingibergur Guðmundsson
fundarritari